

*Kennsluáðferðir og skipulag:*

Dæmi: Enska er kennd í 2 kennslustundum á viku. Nemendur afla sér upplýsinga og gagna í bókum og á netinu. Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar. Áhersla er lögð á að nemendur kynni það sem þeir hafa unnið fyrir öðrum í bekknum.

Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat	Tímabil
Hlustun			
Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.	<i>Ready for Action</i>	Hlustunaræfingar í Ready for Action	Allur veturinn
Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.	Kvikmyndir	Verkefni úr kvikmyndum	Nokkrar kvikmyndir yfir veturinn.
Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.	<i>Ready for Action</i>	Hlustunaræfingar í Action Eyðufyllingar í lagatextum	Allur veturinn.

Lesskilningur			
Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.	<i>Ready for Action</i>	Ýmis verkefni, t.d. svara spurningum úr lesnum textum.	Allur veturinn
Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.	<i>Ready for Action</i>	Ýmis verkefni, t.d. búa til leiðbeiningar um hvað þarf til að eiga tiltekið gæludýr.	Allur veturinn.
Samskipti			
Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.	<i>Ready for Action</i>	Munnlegt viðtal við samnemanda (tekið upp)	Allur veturinn.
Frásögn			
Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.		Nemendur flytja stuttar kynningar, bæði einslega (upptaka) og fyrir bekkinn.	Allur veturinn.
Ritun			
Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	.	Ýmsar stuttar ritanir.	Allur veturinn.

		Ýmis verkefni þar sem nemendur þurfa að svara skriflega.	
Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.		Ýmsar ritanir.	Allur veturinn.
Menningarlæsi			
Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.	<i>Ready for Action</i> Efni frá kennara um Halloween Efni frá kennara um dag hinna dauðu.	Spurningar úr efninu	Október-nóvember
Námshæfni			
Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.		Ýmis hópverkefni.	Allur veturinn.
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.	Snara.is Google Translate		Allur veturinn.